

Z 910



**Leigusamningur um byggingarlóð í Hafnarfirði**

Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529,  
leigir hér með Hafnarfjarðarhöfn kt. 590169-5529  
lóð til byggingar atvinnuhúsnæðis fyrir hafnsækna starfsemi með eftirgreindum skilmálum.

**1. Staðsetning lóðar og stærð**

Lóðin er : Cuxhavengata 2  
Landnr.: 178406  
Þj. nr.: 1685-0020

Flatarmál lóðarinnar er 1040,9 fermetrar og er lögun hennar eins og sýnt er á hjálögðu mæliblaði staðfestu af skipulags- og byggingarsviði dags. 17. maí 2007 sem er hluti þessa samnings.

**2. Leigutími**

Lóðin er leigð til 75 ára frá 1. degi mars mánaðar 2011.

**3. Kvaðir af hálfu Hafnarfjarðarbæjar**

- Öll bílastæði skulu vera innan viðkomandi lóðar. Ekki er heimilt að aka beint af bílastæði út á götu. Fjöldi bílastæða og staðarval skal vera í samræmi við skipulagslög og skilmála deiliskipulags.
- Veltustofnunum er áskilinn graftrarréttur á lóðinni vegna jarðstrengja og tengikassa og er áskilinn réttur til að leggja vatns-, frárennslis- og hitaveitulagnir um lóð hússins eftir því sem nauðsyn krefur. Heimilt er að leggja slíkar lagnir án þess að greiða bætur fyrir jarðrask eða annað, enda séð um að koma lóðinni í samt lag aftur. Allt eftirlit og viðhald með lögnum innan lóðar er heimilt án sérstaks samþykkis lóðarhafa.
- Hafnarfjarðarbær leggur fráveitulagnir að lóðarmörkum og er heimæðin eign bæjarins. Heimæð frá lóðarmörkum að mannvirki er eign lóðarhafa.
- Innan lóðar skulu fráveitulagnir, nauðsynlegur mengunarvarnarbúnaður og annar búnaður þeim tengdum vera í samræmi við ákvæði í „Samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði“ frá 2008.
- Lóðarhafi ber ábyrgð á og kostar dælingu fráveituvatns, ef fráveitulagnir hans standa lægra en tenging við fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar.
- Óheimilt er að staðsetja gáma/skúra á lóðinni, nema með samþykki skipulags- og byggingarfulltrúa, sbr. 51.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Óheimilt er að nota annað svæði en hina úthlutuðu lóð undir uppgröft úr húsgrunni, byggingarefni og annað, sem að byggingarstarfsemi lýtur. Þá er óheimilt að gera jarðrask utan elgin lóðarmarkna án skriflegs leyfis skipulags- og byggingarfulltrúa.
- Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal fylgja fyrirmælum 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

**4. Tíamörk byggingar og frágangs lóðar**

Ef byggingarleyfi verður samþykkt vegna viðbygginga, stækkunar eða breytinga á mannvirkjum á lóðinni, er lóðarhafa skylt:

- a) að ljúka gerð sökkulveggja innan 3ja mánaða frá samþykkt byggingarleyfis
- b) að gera mannvirkið fokhelt og grófjafna lóð innan 9 mánaða frá samþykkt byggingarleyfis
- c) að láta framkvæma öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun
- d) að láta framkvæma lokaúttekt innan 30 mánaða frá samþykkt byggingarleyfis.


Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í mannvirki eða taka það í notkun nema gefið hafi verið út vottorð um öryggisúttekt. Lóðarhafa er skylt að valda ekki eigendum næstliggjandi mannvirkja tjóni með óhæfilegum drætti á byggingarframkvæmdum.

<b>ÍSLAND</b>		<b>FRUMRIT</b>
21.03.11	Kr 187880	
Skjal nr. 210	EMPILGJALD	FR 17

Móðir til þinglýsingar

21. MAR. 2011 2000. —

Stimpilg. kr. —  
Þingl.gj. kr. 187.880. —  
Samt. kr. —



Hafnarfjarðarbær	
Innk:	7.4.2011
Skr. nr.:	1104086
Ítal:	130-7